

BORGARRÁÐ 5.4.'18: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins varðandi sérstakar húsaleigubætur - R18040034

Fyrir u.þ.b. tveimur árum, í júní 2016, felldi Hæstiréttur Íslands úr gildi þá ákvörðun Reykjavíkurborgar um að synja beiðni öryrkja um sérstakar húsaleigubætur á grundvelli þess að viðkomandi leigði hvorki á almennum leigumarkaði eða af Félagsbústöðum. Forsaga málsins er sú að viðkomandi hafði óskað eftir sérstökum húsaleigubótum árið 2013. Beiðni þessari var hafnað og ákvað viðkomandi því að höfða mál gegn Reykjavíkurborg í mars 2014. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að óheimilt hefði verið að synja viðkomandi um sérstakar húsaleigubætur. Málinu var því skotið til Hæstaréttar eins og fyrr greinir. Í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði fram eftirfarandi fyrirspurn: 1. Hve margir hafa fengið greitt á grundvelli dómsins? 2. Hversu háar fjárhæðir er um að ræða? 3. Hversu margir að mati borgarinnar eiga kröfur á hendur Reykjavíkurborg á grundvelli dómsins? 4. Hefur borgin greitt dráttarvexti af vangreiddum kröfum? 5. Ber borgin fyrir sig að einhverjar kröfur séu fyrndar?



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Málsnr.: R18040039
Skjalasafn Ráðhúss
07. maí 2018
Bréfalykill: 21361

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi sérstakar húsaleigubætur – R18040034

Vísað er til fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna greiðslu sérstakra húsaleigubóta aftur í tímann, dags. 5. apríl 2018. Svör velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við framlögðum spurningum eru eftirfarandi:

1. Hve margir hafa fengið greitt á grundvelli dómsins?

Á árunum 2016 og 2017 voru sérstakar húsaleigubætur greiddar til 171 heimilis á grundvelli dómsins.

2. Hversu háar fjárhæðir er um að ræða?

Samtals var fjárhæð endurgreiðslu um 54 mkr. Endurgreiðslur voru frá 13 þkr. til 1.558 þkr. Miðgildi endurgreiðslna var 206 þkr. Meðalendurgreiðsla var 316 þkr.

3. Hversu margir að mati borgarinnar eiga kröfur á hendur Reykjavíkurborgar á grundvelli dómsins?

Erfitt er að leggja mat á það hverjir eiga kröfu á hendur Reykjavíkurborgar á grundvelli dómsins þar sem óvissa er um félagslegar aðstæður á umræddu tímabili. Réttur til sérstakra húsaleigubóta grundvallast m.a. á mati á félagslegum aðstæðum.

4. Hefur borgin greitt dráttarvexti af vangreiddum kröfum?

Já, Reykjavíkurborg hefur greitt dráttarvexti af vangreiddum kröfum til þeirra sem hafa gert kröfu um slíkt, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af hverjum vangreiddum gjalddaga fyrir sig til greiðsludags.

5. Ber borgin fyrir sig að einhverjar kröfur séu fyrndar?

Já, Reykjavíkurborg telur að hluti framkominna krafna séu fyrndar. Samkvæmt 3. ml. 6. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fynast kröfur um einstakar gjaldfallnar greiðslur, sem umsamdar eru vegna eftirlauna, framfærslueyris, meðlags eða annarrar greiðslu sem fellur í gjalddaga með jöfnu millibili og eru ekki afborganir af höfuðstól, á fjórum árum.

Virðingarfyllt


Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri